

Mánudaginn 7. maí 1990.

Nr. 180/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Helgu Björk Einarsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. apríl sl., sem barst Hæstarétti 3. maí sl.

Kærandi krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist hennar verði stýtt verulega.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1990.

Ár 1990, mánudaginn 30. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Síðumúlafangelsinu af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að ákærðu, Helgu Björk Einarsdóttur, kt. 160465-4179, til lögheimilis að Krummahólum 4, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds, kl. 16.00 í dag, til uppkvaðningar dóms í máli þessu, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 27. júní nk. kl. 16.00. Ákærða mótmælir kröfunni.

Með ákæruskjali, útgefnu í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað opinbert mál á hendur ákærðu fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I.

Laugardaginn 1. júlí 1989 ekið fólksbifreiðinni Ö-2459 yfir gangstétt og bifreiðastæði og inn í garð hússins nr. 3 við Blikanes í Garðakaupstað í því skyni að aka á Örn Clausen hæstaréttarlögmann, sem þar var að störfum í garði sínum, er rétt náði að kasta sér frá bifreiðinni, sem hafnaði í trjárinna. Er þetta talið varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Miðvikudaginn 4. apríl 1990 á heimili sínu margsinnis haft í frammi líf-látshótanir við móður sína, Kristínu Zóphóníasdóttur, og sambýlismann hennar, Eyjólf Engilbertsson, gengið um íbúðina sem sturluð væri, tekið hníf með 20 sm löngu blaði í eldhúsi íbúðarinnar og með hnífinn á lofti veist ógnandi, fyrst að móður sinni og síðan að Eyjólf, þegar hann gekk á milli til varnar móður ákærðu, en honum tókst að ná taki á ákærðu og afvopna hana. Er þetta talið varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 11. apríl sl., var ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til kl. 16.00 í dag. Var það vegna sakarefnis í síðari kafla ákæru.

Af því, sem fyrir liggur um feril og hagi ákærðu, verður ekki hjá því komist að álíta hana vera hættulega umhverfi sínu. Með vísan til framanritaðs og skirskotun til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu ákæruvaldsins til greina, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærða, Helga Björk Einarsdóttir, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds, sem rann út kl. 16.00 í dag, meðan mál þetta er til dómsmeðferðar, og til dómsuppsögu, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 27. júní nk. kl. 16.00.